

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. ágúst 2023
UST202307-083/B.S.
10.05.00

Efni: Umhverfismat framkvæmda og áætlana - urðunarrein - Fíflhólar. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 6. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða viðbót við urðunarstaðinn sem starfræktur hefur verið þarna frá 1998. Gert er ráð fyrir að viðbótar urðunarrein gæti endist í 5-12 ár.

Árið 1997 var unnið umhverfismat fyrir urðunarstað í Fíflholtum, þar var gert ráð fyrir að urða um 120.000 tonn á 20 árum og gert ráð fyrir að undir það færu um 10-15 ha lands. Þá var einnig gert ráð fyrir möguleika á stækkun svæðis undir urðun um 25 ha og að afmarkaða svæðið dygði í um 30 ár.

Fram kemur í matskyldufyrirspurninni að með framkvæmdinni raskast votlendi sem er stærra en 20.000 m² og nýtur því sérstakrar verndar í samræmi við 61. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Vistkerfum af þessum tagi ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Fram þarf að koma hvaða ríku almannahagsmunir réttlæti þá röskun á votlendi.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðinga, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Árið 2019-2020 var svo unnið viðbótar umhverfismat fyrir urðunarstaðinn vegna aukningar á urðunarmagni úr 15.000 tonnum á ári í 25.000 tonn á ári. Umhverfismatið beindist að urðun í rein 4 en tók ekki á stækkun reinar fyrir umrætt magn.

Umhverfisstofnun gaf í kjölfarið út nýtt starfsleyfi sem heimilar urðun á 25.000 tonnum af úrgangi á ári og gildir það til 23. desember 2038. Fyrra starfsleyfi heimilaði urðun á 15.000 tonnum árlega.

Núverandi starfsleyfi beinist ekki að sérstakri rein á urðunarstaðnum heldur er þar talað um urðunarstað við hlið þess eldri (reinar 1-3). Hins vegar er nefnt í fylgiskjali með starfsleyfi að í umhverfismati hafi ekki verið gert ráð fyrir stækkun reina.

Telja má líklegt að vísbendingar hefðu átt að liggja fyrir um að urðunarrein fjögur myndi ekki endast lengi enn þegar unnið var að umhverfismati fyrir aukningu urðunar árið 2020 en það kom ekki fram í umhverfismatsferlinum né þegar unnið var nýtt starfsleyfi. Betra hefði verið ef urðunarrein fimm hefði verið tekin með í því ferli.

Þrátt fyrir það telur Umhverfisstofnun ekki að umrædd viðbót muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þar sem hér er um áframhaldandi starfsemi að ræða en engar verulegar breytingar á eðli hennar. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er ætla að tryggja að reksturinn verði í samræmi við lög og reglur. Kanna þarf hvort þessi breyting kalli á nýtt starfsleyfi.

Í erindinu eru ýmist notuð örnefnin Fíflhólar eða Fíflholt þetta getur verið nokkuð ruglingslegt. Greinargerðin er eins ítarleg og nauðsyn krefur og gefur góða mynd af framkvæmdinni og hvernig að mengunarvörnum verði staðið.

Virðingarfyllt

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,
teymisstjóri

Axel Benediktsson,
sérfræðingur